

# Napó fyrir kennara



Bestu öryggisskilti Napos: Bestu skilti Napos fyrir öryggi: Hættu-/bannskilti

Scene URL: <https://napofilm.net/is/learning-with-napo/napo-for-teachers/napos-best-signs-safety-danger-prohibition-signs>

## Introductory text

Efnið kynnir börnum **helstu öryggisskilti** og hjálpar þeim að greina og sjá muninn á milli mismunandi lögunar á skiltum og skilja hvers vegna skilti hjálpa öryggi okkar með skemmtilegum hlutverkaleik.

## Námsmarkmið

Að vekja athygli á ýmiss konar viðvörðunarskiltum og þekkja mikilvægi þeirra

Að leggja mat á það hvernig skiltin koma merkingu sinni til skila

Að vekja athygli á notkun skilta til þess að vernda sjálfan sig

Hópar leggja mat á frammistöðu hvers annars og prófa þekkingu hvers annars á hvað lögun hvers skiltis þýði.

Nota má grímur til þess að halda sýningu í bekknum.

## Upphaf

### 5 mínútur

Sýnið skilti og spyrjið hvað það þýði, hvar megi sjá það og hvers vegna ætti að fylgja boði þess (þ.e. útskýrið tilgang öryggisskilta).

Spurningar:

- Hvaða skilti munið þið eftir að hafa séð í kring um skólann, heima, á vegum?
- Takið þið einhvern tíma EKKI eftir skiltum?

Ræðið hefðbundnar áhættur, sem verða á vegi okkar dags daglega, og hvernig þær tengjast skiltunum.

## Starfsemi

**40/45 mínútur**

# Napó fyrir kennara



Bestu öryggisskilti Napos: Bestu skilti Napos fyrir öryggi: Hættu-/bannskilti

Horfið á Napo myndstíkluna sem fylgir þessari kennslustund: [Öryggismerki Hættu- og bannmerki](#)

Saga af bestu skiltunum: Kynning; Gulur þríhyrningur (hættuskilti); Hætta - hleðsla á lofti; Rauður hringur (bannskilti); Reykingar bannaðar.

## Hugsanleg starfsemi:

- Ræðið hvert atriði, hvað á sér stað og hvers vegna. Teljið upp nokkrar ástæður fyrir því hvers vegna fólk tók ekki eftir skiltunum.
- Sýnið úrval skilta úr heildarlista yfir skiltin í tilskipun ESB (sjá fylgiblað). Ræðið grundvallarreglurnar um líti og lögun öryggisskilta.
- Teiknið dæmi um hvert skilti.
- Útskýrið tilgang/notagildi skiltanna og mismunandi merkingu þeirra.
- Takið eina skiltalögun fyrir í hópum - þríhyrning og hring - sem sýna annaðhvort hættu eða bann.
- Búið til grímur úr skiltum sem festa má á prik og halda fyrir framan andlitin.
- Hugsið um hvernig skiltin geti talað eða aðhafst til þess að tryggja að eftir þeim sé tekið, t.d. blíð rödd og líkamstjáning fyrir upplýsingar, hávær valdsmannsleg rödd og líkamstjáning fyrir boð.
- Ræðið hefðbundnar áhættur, sem verða á vegi okkar dags daglega, og hvernig þær tengjast skiltunum.
- Kennarinn getur æft þær og sýnt fyrir hópavinnuna ef þörf krefur.
- Prófið þekkingu alls bekkjarins í því hvað skiltin segja og þýða og hvers vegna þau eru mikilvæg á bekkjarfundi.
- Aukanám getur falist í rannsókn á öðrum skiltum, til dæmis einföldum umferðarskiltum og gerð skiltis fyrir skólann.

## Aukanám

- Veltið fyrir ykkur öðrum skiltum, líkt og í dæmunum að neðan – og búið til verulega gott skilti fyrir skólann ykkar.



Fjöldi hugsanlegra Napo stikla fyrir aukánám má finna hér: [www.napofilm.net/en/napos-films](http://www.napofilm.net/en/napos-films)

# Napó fyrir kennara



Bestu öryggisskilti Napos: Bestu skilti Napos fyrir öryggi: Hættu-/bannskilti

## mat

### 5 mínútur

Kannið skilninginn á mismunandi lögun og litum skiltanna og gefið einkunn með því að nota fyrirmælin að neðan. Kennarar og nemendur meta kunnáttuna með því að nota þetta tól:

- **Gull:** Ég get útskýrt að minnsta kosti fimm bann- og hættuskilti; hvað þau þýða og hvers vegna þau eru mikilvæg.
- **Silfur:** Ég get útskýrt tvær gerðir skilta; hvað þau þýða og hvers vegna þau eru mikilvæg.
- **Brons:** Ég get útskýrt eina gerð skilta; hvað það þýðir og hvers vegna það er mikilvægt.

## Nauðsynleg gögn

- Venjulegur pappír og vaxlitir til þess að teikna skiltin
- Fylgiblöð fyrir kennara: Hættu-/bannskilti
- Þríhyrningar (viðvörðunarskilti) sniðmát
- Rauð og gul kort og límmiðar til þess að búa til grímur á prikum
- Rauður hringur (bannskilti) sniðmát
- [Bestu öryggisskilti Napos: Bestu skilti Napos fyrir öryggi: Hættu-/bannskilti](#)

Til þess að hlaða niður úrræðunum sem fylgja með, farið þá á: [Efnissafn](#)

## Hlekkir á greinar/námsskrá

### Persónuleg, félagsleg og heilsukennsla

Reglur um og leiðir til þess að vera öruggur svo og um fólk sem getur hjálpað þeim við að vera örugg.

Að átta sig á því hvernig hegðun þeirra hefur áhrif á annað fólk

### Stærðfræði

Að þekkja form

### Vísindi

Að þekkja viðvörðunarskilti og taka eftir þeim

### Borgaravitund/-fræðsla fyrir borgaralegt líf

# Napó fyrir kennara



Bestu öryggisskilti Napos: Bestu skilti Napos fyrir öryggi: Hættu-/bannskilti

Að átta sig á hættum, leggja mat áhættur sem af þeim leiða og áhættustjórnun

## **Erlent/móðurmál**

Búa til einfaldar setningar þegar skiltin eru útskýrð

## **Vegaöryggi**

Að þekkja viðvörðunarskilti og taka eftir þeim